

Skipulagsstofnun
Bt. Jakob Gunnarsson
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Dags. 24.11.2023

Varðar: Umsagnir og ábendingar við fyrirspurn um matsskyldu breytinga á Blöndulínu 3 og viðbrögð Landsnets.

Í töflunni hér að neðan eru birtar allar umsagnir sem bárust vegna fyrirspurnar um matsskyldu breytinga á Blöndulínu 3, ásamt viðbrögðum Landsnets. Skipulagsstofnun nýtir þessar upplýsingar ásamt upplýsingum sem fram koma í fyrirspurn um matsskyldu Landsnets og tekur ákvörðun um matsskyldu verkefnisins sem Landsneti ber að fylgja við verkhönnun og framkvæmdir, og sveitarstjórnnum við útgáfu framkvæmdaleyfa. Umsagnafrestur var gefinn til 2.nóvember 2023.

Umsagnir bárust frá eftirfarandi aðilum:

Nr.	Aðili	Nánar	Dags.
1	Fiskistofa	Umsögn barst ekki	
2	Hafrannsóknastofnun	Ingi Rúnar Jónsson	13.október 2023
3	Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra (HNE)	Leifur Þorkelsson	6.nóvember 2023
4	Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra	Sigurjón Þórðarson	26.október 2023
5	Hörgársveit	Sigríður Kristjánsdóttir, skipulagsfulltrúi	31.október 2023
6	Landgræðslan	Davíð Arnar Stefánsson	2.nóvember 2023
7	Landeigendur	María Reykdal og Helga Rós Indriðadóttir	1.nóvember 2023
8	Minjastofnun Íslands	Guðmundur Stefán Sigurðarson og Sædís Gunnarsdóttir	13.nóvember 2013
9	Náttúrufræðistofnun Íslands	Lovísa Ásbjörnsdóttir	2.nóvember 2023
10	Orkustofnun	Hanna Björg Konráðsdóttir og Þorsteinn Sigurjónsson	2.nóvember 2023
11	Sveitarfélagið Skagafjörður	Sæunn Kolbrún Þórólfsdóttir	30.október 2023
12	Umhverfisstofnun	Axel Benediktsson og Björn Stefánsson f.h. Umhverfisstofnunar	20. október 2023
13	Veðurstofa Íslands	Hlíf Sævarsdóttir f.h. Veðurstofu Íslands	3.nóvember 2023

Nr.	Umsagnir, athugasemdir og ábendingar	Viðbrögð
1	Fiskistofa	
1.1	<i>Umsögn barst ekki frá Fiskistofu.</i>	
2	Hafrannsóknastofnun	
2.1	<p><i>Eins og Hafrannsóknastofnun hefur áður bent á getur slóðagerð og efnistaka haft áhrif á vatnalíf, en almennt hafi háspennuloftlínur sem slíkar ekki teljandi áhrif á vatnalíf eða veiðinýtingu. Þveranir vatnsfalla með jarðstrengjum hafa áhrif á lífríki, en ef vandað er til verka og unnt að koma jarðstrengjum fyrir með litlu raski á árbotni og -bökkum, geta þveranir haft staðbundin og tímabundin áhrif á lífríki. Mikilvægt er að takmarka áhrif framkvæmda á vatn og velja þann framkvæmdatíma þar sem lífríki er minnst viðkvæmt fyrir. Einnig að almenn umgengni og frágangur sé góður. Hafrannsóknastofnun gaf umsögn um umhverfismatskýrslu vegna Blöndulínu 3 (dagsett 01.04.2022). Hér er vísað til þess sem þar kom fram, þess sem fram kom í umhverfismati vegna Blöndulínu 3 og álits Skipulagsstofnunar um það. Að öðru leyti má ætla að breytingarnar frá umhverfismati sem hér um ræðir ættu að vera minni háttar þegar kemur að mögulegum áhrifum á vatnalíf.</i></p>	<p>Hafrannsóknastofnun telur að breytingar frá umhverfismati ættu að vera minniháttar þegar kemur að mögulegum áhrifum á vatnalíf.</p> <p>Stofnunin vísar einnig í umsögn sem hún gerði við umhverfismatskýrslu Blöndulínu 3.</p> <p>Svör við þeirri umsögn eru eftirfarandi:</p> <p>Hafrannsóknastofnun bendir sérstaklega á neikvæð áhrif efnistöku í Svartá í Svartárdal og í Hlíðará. Áhrif á þessar tvær ár eru einmitt dregin fram í köflum 11.4 og 11.8.</p> <p>Hafrannsóknastofnun bendir á að æskilegt hefði verið að taka fram hvernig eftirlit með efnistöku á viðkvæmum svæðum verður háttað. Jafnframt hvort/hvernig vöktun efnistökusvæða verður að framkvæmdum loknum.</p> <p>Í kafla 11.4.2 er fjallað um að Landsnet muni sjá til þess að ákveðin atriði varðandi efnistöku verði skrifað inn í leyfisumsóknir og útboðsgögn á seinni stigum. Þar er átt við verklag sem þarf að viðhafa til að lágmarka áhrif í ám s.s. tímasetning efnistöku, en samráð við veiðiréttshafa varðandi efnistöku utan veiðisvæða.</p> <p>Landsnet telur að ábending Hafrannsóknastofnunar um eftirlit með framkvæmdum á viðkvæmum</p>

Nr.	Umsagnir, athugasemdir og ábendingar	Viðbrögð
		svæðum eigi rétt á sér og telur að umfjöllun um þessa þætti eigi einnig heima inni í leyfisumsóknum og útboðsgögnum á seinni stigum og vísar því til þess.
3	Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra (HNE)	
3.1	<i>Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra gerir ekki athugasemdir fyrirhugaðar breytingar á Blöndulínu 3 eins og þeim er lýst í eins og henni er lýst í framangreindri matskyldufyrirspurn.</i>	Ekki er þörf á viðbrögðum við umsögninni.
4	Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra	
4.1	<i>Farið hefur verið yfir þær breytingar á lagnaleið Blöndulínu 3 og ekki er fyrrséð að þær hafi áhrif á þá þætti sem heilbrigðiseftirlitið hefur eftirlit með þ.e. vatnsvernd, efnistöku, vinnubúðum og mengun m.a. vegna neyslutanka á eldsneyti fyrir vinnuvélar og úrgangsolíu. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra gerir því ekki athugasemd við boðaðar breytingar á legu Blöndulínu 3.</i>	Ekki er þörf á viðbrögðum við umsögninni.
5	Hörgársveit	
5.1	Samræmi við aðalskipulag <i>Aðalskipulag Hörgársveitar Hörgársveit bendir á að í aðalskipulagi sveitarfélagsins er gert ráð fyrir að flutningslínur raforku verði í jörðu. Aðalvalkostur sem kynntur er í matskýrslu Blöndulínu 3 gerir ráð fyrir að línan verði alfarið útfærð sem loftlína innan marka sveitarfélagsins og gerir Hörgársveit athugasemd við að fyrirhuguð útfærsla línunnar samræmist ekki gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins að því leyti.</i>	Landsnet gerir sér grein fyrir að breyta þarf Aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 vegna Blöndulínu 3. Umfjöllun um það er í kafla 6.2.3. Þar er einnig vísað í nánari umfjöllun í kafla 21.1.3 í umhverfismati Blöndulínu 3. Landsnet hefur óskað formlega eftir breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins.
5.2	Breytingar hjá Þverá <i>Hörgársveit telur, að þar sem verið er að fara út fyrir rannsóknarbeltið hjá Þverá, sé eðlilegt að fyrirspurn um matskyldu fylgi skriflegt samþykki landeiganda Þverár auk rökstuðnings fyrir því af hverju vikið er frá áður kynntri línulegu.</i>	Skriflegt leyfi liggur nú þegar fyrir hjá Landeigendum á Þverá, dagsett 3.júní 2023. Hörgársveit var send staðfesting á þeirri stöðu í tölvupósti dags. 18.ágúst 2023.

Nr.	Umsagnir, athugasemdir og ábendingar	Viðbrögð
		<p>Í kafla 3.1.6 í tilkynningu er fjallað um ástæðu færslu. Þar kemur m.a. fram að „Að ósk landeiganda er tillaga um færslu línunnar til austurs, heldur hærra í landið. Megin tilgangur færslunnar er að sneiða hjá ræktuðu landi syðst í landi Þverár og forða því að mastur lendi í framtíðar ræktarlandi vestan við skikana sem í dag eru nýttir til túnræktar.... Breytingin er jákvæð að því leyti að línan liggur heldur fjær íbúðarhúsum á viðkomandi jörðum.“</p>
5.3	<p>Efnistaka</p> <p><i>Ljóst er að þegar ráðist verður í lagningu Blöndulínunnar þá mun fylgja því nokkuð rask og efnistaka. Til að lágmarka efnisflutninga vill Hörgársveit að fram komi vilji sveitarfélagsins fyrir að heimila efnistöku sem og flutninga efnis sem næst línunni (s.s. úr Öxnadals og Hörgá). Þó sé ljóst að ekki sé heimilt að taka efni hvar sem er og aldrei án umsagnar og leyfis sveitarfélagsins. Þess skal einnig gætt að ekki sé heimilt að taka efni úr árkeilum eða lausum skriðum t.d. í Öxnadal. Hörgársveit óskar því eftir að fyrir liggja drög að áætlunum um slíka efnisstöku áður en sveitarfélagið tekur afstöðu til matsskyldu verkefnisins.</i></p>	<p>Í þessari fyrirspurn um matsskyldu er eingöngu fjallað um breytingar á legu aðalvakosts.</p> <p>Landsnet stefnir að því að nýta efni sem næst framkvæmdum hverju sinni til að minnka flutningsvegalengdir. Slíkar námur þurfa þó að hafa tilskilin leyfi til nýtingar frá yfirvöldum.</p> <p>Flestar námur sem notaðar verða eru nú þegar á aðalskipulagi Hörgársveitar. Landsnet mun við umsókn framkvæmdaleyfis Blöndulínu 3 jafnframt óska eftir framkvæmdarleyfi fyrir þær námur sem eru komnar á aðalskipulag en ekki með framkvæmdarleyfi.</p> <p>Landsnet mun senda yfirlit yfir þær námur sem talið er líklegt að munu verða notaðar í verkið til Hörgársveitar og vinna í samstarfi við sveitarfélagið um hvaða námur er hægt að nýta í verkefnið.</p>

Nr.	Umsagnir, athugasemdir og ábendingar	Viðbrögð
5.4	<p>Matsskylda</p> <p>Fyrir en fyrir liggja ofangreind gögn telur sveitarfélagið sér ekki stætt á öðru en að telja breytingarnar matsskyldar.</p>	
6	<p>Landgræðslan</p>	
6.1	<p>Rask</p> <p><i>Landgræðslan tekur undir áherslur sem miða að því að lágmarka rask á jarðvegi og gróðri sem óumflýjanlega fylgir framkvæmdunum. Einkum að nýta mannvirki sem fyrir eru eins og kostur er, s.s. slóða. Þá er brýnt að hindra útrennsli af slóðum í úrhelli og í leysingum eins og segir í fyrirspurninni. Einnig áherslur á viðgerðir eftir rask á landi og að nýta staðargróður í uppgræðslu. Landgræðslan er reiðubúin að vera Landsneti innan handar við þann hluta verkefnisins. Jafnframt fagnar Landgræðslan fyrirætlunum um umhverfisúttekt og eftirfylgni verkefnisins, þar sem könnuð verða raun-umhverfisáhrif framkvæmdanna, og er tilbúin til þátttöku sé eftir því óskað.</i></p>	<p>Ekki er þörf á viðbrögðum við umsögninni annað en að taka undir þá þætti sem þar koma fram.</p>
6.2	<p>Mótvægisáðgerðir</p> <p><i>Hvað varðar mótvægisáðgerðir, einkum er varðar votlendi, ætti að leitast við að endurheimta sambærilegt votlendi, þ.e. sömu vistgerð, og því er raskað verður.</i></p>	<p>Ekki er þörf á viðbrögðum við umsögninni annað en að taka undir þá þætti sem þar koma fram.</p>
7	<p>Landeigendur í Skagafirði. Jarðirnar Mælifell, Hvíteyrar, Starrastaðir, Starrastaðir land, Lækjargerði, Laugamelur, Hamrahlíð, Brúnastaðir 3, Brúnastaðir 1 og 2 og Litli-Dalur.</p>	
7.1	<p>Lagningu Blöndulínu 3 hafnað</p> <p><i>Í tilefni af erindi Landsnets og matskyldufyrirspurn sem því fylgir, vilja landeigendur áréttta eftirfarandi: Þann 7. Júlí 2023 sendu allir framangreindir landeigendur undirritaða yfirlýsingu til Landsnets en afrit þeirrar yfirlýsingar var send sveitarfélaginu Skagafirði til upplýsinga og vitneskju. Yfirlýsing þessi var pósthöfundur 7. júlí 2023 kl. 14:32 og afhending til Landsnets bókuð 10. Júlí 2023 kl.9.40. Samkvæmt yfirlýsingunni hafna framangreindir landeigendur með öllu viðræðum við Landsnet sem fela í sér lagningu Blöndulínu 3 Kiðaskarðsleið í gegnum jarðeignir þeirra. Í ljósi þess að fyrir liggur sú afstaða</i></p>	<p>Fyrirspurn um matskyldu er unnin í samræmi við lög um mat á umhverfismat framkvæmda og áætlaða nr. 111/2021 í framhaldi umhverfismats Blöndulínu 3, en álit Skipulagsstofnunar um framkvæmdina lá fyrir í desember 2022.</p> <p>Sú breyting á legu línunnar, sem nú er til málsmeðferðar byggir í grunninn á umhverfismati Blöndulínu 3 og felur í sér að tekin sé upplýst ákvörðun (af hálfu Skipulagsstofnunar) að teknu</p>

Nr.	Umsagnir, athugasemdir og ábendingar	Viðbrögð
	<p><i>landeigenda, að hafna lagningu Blöndulínu 3 um landareignir þeirra er ekki til neins að taka málið til frekari meðferðar hjá Sveitarfélaginu Skagafirði né Skipulagsstofnun.</i></p> <p><i>Erindi Landsnets til Skipulagsstofnunar tekur í engu tillit til þessar skýru afstöðu landeigenda. Við yfirferð á erindi Landsnets og þeim gögnum sem því fylgja verður séð að Landsnet lítur alveg framhjá yfirlýsingu landeigenda. Af þessum ástæðum telja landeigendur að Sveitarfélaginu Skagafirði og Skipulagsstofnun beri að hafna framkomnu erindi Landsnets.</i></p>	<p>tilliti til staðsetningar, eðlis og umfangs breytinganna, um hvort tilefni sé til að breytingin ein og sér, þurfi að fara í fullt umhverfismat.</p> <p>Undirbúningur framkvæmdarinnar felur jafnframt í sér ýmsa aðra málsmeðferð, sem ekki snýr að matsskyldufyrirspurninni vegna tilfærslu á línuleiðinni. Það á t.d. við um samtal og samninga við landeigendur.</p>
7.2	<p>Ófullnægjandi upprættir og upplýsingar</p> <p><i>Þá benda landeigendur á að upprættir sem fylgja erindi Landsnets eru ófullnægjandi og á þeim er ekki að finna nokkur hús sem þegar eru til staðar á jörðum nokkurra landeigenda sem að bréfi þessu standa. Inn á kort sem sýnir legu línunnar vantar a.m.k. tvær lóðir sem þegar er búið að byggja á, sem eru innan við eða í mikilli nálægð við athugunarbelti línunnar. Einnig eru ekki á kortum tvær lóðir þar sem áform eru um íbúðarhúsabyggingar í mikilli nálægð við athugunarbeltið. Sömuleiðis er vatnsból allra Starrastaðabæjanna innan beltisins og hefur ekki verið tekið tillit til þess í matsferlinu hingað til. Þetta er verulegur annmarki á erindi Landsnets enda telst málið ekki full upplýst vegna þessa.</i></p>	<p>Vatnsból eru ekki merkt inn á þau gögn sem unnin hefur verið með og ekki hafa verið lögð fram gögn um staðsetningu þeirra áður. Landsnet mun, í samvinnu við landeigendur, sjá til þess að vatnsból verði ekki í hættu vegna framkvæmda.</p> <p>Landeigandi Starrastaða sendi upplýsingar um legu vatnsbóls til Landsnets eftir að umhverfismati lauk. Þar sem ekki hefur náðst tækifæri til að hitta landeigendur Starrastaða og ræða við þau um slóðamál, vatnsból og annað er varðar framkvæmdina þá hefur ekki verið möguleiki á að hanna framkvæmdina nánar í samráði við þau.</p>
7.3	<p>Tengivirki</p> <p><i>Gerð er athugasemd við að tengivirkið og línán séu færð í enn meiri nálægð við Mælifellshnjúk en í fyrri áætlunum. Reynt er að gera lítið úr stærð tengivirkisins með því að setja stærðina fram á annan hátt en í fyrri skýrslu, en þegar að er gáð (útreikningur á uppgefnum stærðartölum) er fermetrafjöldinn meiri en áður og gerð hefur verið athugasemd við, í tengslum við að setja ætti slíkt mannvirki í lítið raskað svæði. Loftmynd af áformaðri legu línunnar og tengivirki við rætur Mælifellshjúks (mynd 3.8. bls. 18) er afar ómarktæk framsetning, ef leggja á mat á möguleg sjónræn áhrif fyrir vegfarendur og íbúa í nágrenninu, sem væntanlega ferðast ekki um í lofti. Mynd 3.7 bls. 17 gerir enga</i></p>	<p>Nýtt tengivirki er sýnt á tveimur myndum frá jörðu í skýrslunni. Að auki er sýnd loftmynd til að gera nánar grein fyrir afstöðu í landi. Horft er að Mælifellshnjúk á myndatökustað 02 í skýrslunni. Þar er tengivirki í hvarfi.</p> <p>Sú breyting á legu línunnar, sem nú er til málsmeðferðar byggir í grunninn á umhverfismati Blöndulínu 3 og felur í sér að tekin sé upplýst</p>

Nr.	Umsagnir, athugasemdir og ábendingar	Viðbrögð
	<p><i>grein fyrir áhrifum 359 m² mannvirkja á ásýnd Mælifellshnjúks sem er eitt helsta kennileiti Skagafjarðar og vinsæl gönguleið. Rangt er sem segir í erindinu að bóúið sé með breytingunni að færa tengivirkni úr landi Hvíteyra.</i></p>	<p>ákvörðun (af hálfu Skipulagsstofnunar) að teknu tilliti til staðsetningar, eðlis og umfangs breytinganna, um hvort tilefni sé til að breytingin ein og sér, þurfi að fara í fullt umhverfismat.</p> <p>Undirbúningur framkvæmdarinnar felur jafnframt í sér ýmsa aðra málsmeðferð, sem ekki snýr að matsskyldufyrirspurninni vegna tilfærslu á línuleiðinni. Það á t.d. við um samtal og samninga við landeigendur. Samtal við landeigendur um eignarhald og landamerki eru hluti af því samtali.</p>
<p>7.4</p>	<p>Mannvirkjabelti</p> <p><i>Landeigendur benda á að forstjóri Landsnets hefur lagt áherslu á að fyrirtækið fylgi mannvirkjabeltum, sbr. viðtal í Kastljósi þann 6.mars 2023 (min 8.06) og lýsa landeigendur undrun sinni að það sjónarmið gildi ekki í Skagafirði, eins og almennt virðist reynt að gera“ ...ef við horfum svo bara á ..eh, svona hvar við viljum staðsetja línurnar þá er almennt mælt með því að við förum..., notum sama mannvirkjabeltið útaf umhverfisáhrifum...“. Landeigendur taka því undir þegar innsenda umsögn Umhverfisstofnunar sem ... telur að velja eigi raflínunum stað á mannvirkjabeltum sem þegar eru til staðar s.s. með vegum eða öðrum línunum og forðast ætti að taka ný og óröskuð svæði undir háspennulínur og alls ekki svæði sem teljast lítið röskuð víðerni.“ Í ljósi þessa álits Umhverfisstofnunar sætir furðu að Kiðaskarðsleið sé yfir höfuð sett fram sem aðalvalkostur Landsnets um Skagafjörð. Umhverfisstofnun hefur þegar veitt sveitarfélaginu þá umsögn að stofnunin telji að leggja eigi línuna í núverandi mannvirkjabelti (2019).</i></p>	<p>Í þessari fyrirspurn er eingöngu fjallað um breytingar á legu aðalvalkosta Blöndulínu 3, en fyrir liggur álit Skipulagsstofnunar um verkefnið í heild sinni.</p> <p>Í öllum verkefnum sínum vinnur Landsnet m.a. í samræmi við þingsályktun um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína nr. 11/144. Við val á línuleið skal hafa nokkur sjónarmið að leiðarljósi við uppbyggingu dreifi- og flutningskerfi raforku. Eitt af þeim er eftirfarandi:“ Nýta skal núverandi línustæði við lausnir á aukinni flutningsþörf ef aðstæður leyfa, með endurbyggingu og/eða spennuhækkun, fjölgun eða stækkun leiðara á línunum eða öðrum þekktum aðferðum“.</p> <p>Í tilviki Blöndulínu 3 var metið sem svo að aðstæður leyfðu ekki að nýta núverandi línustæði á allri línuleiðinni og var því vikið út frá því. Fjallað er nánar um legu aðalvalkosta Blöndulínu 3 í viðkomandi umhverfismati.</p>

Nr.	Umsagnir, athugasemdir og ábendingar	Viðbrögð
		<p>Fyrir liggur niðurstaða umhverfismats Blöndulínu 3, þar sem lagður var fram aðalvalkostur, sem fer um Kiðaskarð og hefur sú niðurstaða verið rökstudd í umhverfismatsskýrslunni (kafla 5) og í svörum Landsnets við þeim umsögnum sem bárust, þar sem m.a. var lögð fram sérstök greining í viðauka 1 á umfangi valkosta A-B. ¹ Í tilviki aðalvalkostar Landsnets leiðar um Kiðaskarð (A1) og svo hluta af „Efrabyggðarleið“ (B1b), er um að ræða stystu leiðina, með fæstu möstrunum og þar með verður umfang áhrifa á marga umhverfisþætti umfangsminna en af lengri leiðum. Það hefur því óhjákvæmilega ákveðin áhrif þegar komist er að þeirri niðurstöðu að segja að á heildina litið komi þessi aðalvalkostur Landsnets um Kiðaskarð aðeins betur út en aðrir valkostir sem liggja frá Blönduvirkjun að mynni Norðurárdals.</p>
8	Minjastofnun Íslands	
8.1	<p><i>Í 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 stendur að áður en leyfi til framkvæmda er afgreitt skuli skráning fornleifa, húsa og mannvirkja hafa farið fram á vettvangi. Ganga þarf frá skráningu menningarminja þar sem farið er utan rannsóknarsvæðis í samráði við Minjastofnun sem og ljúka skráningu innan þeirra jarða sem eru innan svæðis en voru ekki fornleifaskráðar í fyrri áföngum. Fornleifaskráningu þarf að vinna samkvæmt skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands.</i></p>	<p>Gengið verður frá skráningu menningarminja þar sem farið er utan rannsóknarsvæðis í samráði við Minjastofnun.</p>

Nr.	Umsagnir, athugasemdir og ábendingar	Viðbrögð
	<p><i>Minjastofnun ítrekar að öðru leiti allt sem stendur í áðurnefndri umsögn frá 2022. Að því uppfylltu að fornleifaskráning muni fara fram á áðurnefndum svæðum telur Minjastofnun Íslands að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.</i></p>	
9	Náttúrufræðistofnun Íslands	
9.1	<p>Mælifell</p> <p><i>Línuleið í umhverfismati og breytt línuleið liggja báðar um votlendissvæðið í Selflóa undir Mælifelli. Breytt línuleið liggur áfram um Selflóa. Á því svæði væri æskilegt að hlífa votlendi sem mest við raski og staðsetja spennistöð, slóða og mastrastæði frekar á þurrari svæðum eftir því sem hægt er. Einhverjir votlendisslakkar eru norður undir Mælifelli þar sem breytt línuleið er fyrirhuguð sem væri einnig æskilegt að hlífa við raski. Á því svæði er þó töluvert um rofið land og mela.</i></p> <p>Brúnastaðir</p> <p><i>Færsla á línuleið felur í sér að línun fer yfir lítið raskað votlendi og graslendi við Svartá og raskað votlendi vestan og norðan túna milli Brúnastaða 3 og Hafgrímsstaða. Þá er votlendi austan Brúnastaða 3 undir hliðraðri línuleið. Náttúrufræðistofnun telur líklegt að með færslu á línuleiðinni verði meira rask á votlendi en með útfærslunni sem kom fram í umhverfismati. Þessi færsla er því á kostnað náttúrulegra vistgerða til að hlífa ræktarlandi. Breytingin er þó ólíkleg til að hafa áhrif á lokaniðurstöðu mats.</i></p> <p>Kiðaskarð í Húnabyggð</p> <p><i>Hliðrun á línuleið fer um svæði sem er mjög sambærilegt því sem lá fyrir í umhverfismati. Báðar útfærslur fara yfir mjög lítið raskað votlendissvæði á heiðinni en þar finnast vistgerðir með mjög hátt verndargildi. Hliðrunin færir línuna nokkru nær kjarna votlendissvæðisins sem er samfelldast norður af línunni. Náttúrufræðistofnun telur að tilfærsla á línuleið mun að líkindum valda sambærilegum umhverfisáhrifum og sú leið sem var valin í upphafi og bendir á að huga þarf að legu slóða og mastrastæða til að lágmarka rask á votlendi.</i></p> <p>Héraðsvötn í Skagafirði</p>	<p>Við staðsetningu mannvirkja er leitast við að lágmarka rask og sérstaklega á viðkvæmum svæðum eins og votlendi. Þessar upplýsingar verða teknar áfram inn í hönnun verkefnisins. Að auki er bent eftirfarandi sem fram kemur um mótvægisáðgerðir í töflu 5.4 í fyrirspurninni: „Almennt er gert ráð fyrir að haft sé samráð við fulltrúa Umhverfisstofnunar um útlagningu vegslóða á viðkvæmum svæðum, m.a. votlendissvæðum. Í votlendi verður lagður jarðvegsdúkur undir slóðir og leitast við að nýta besta fínanlega efni til þess að takmarka umfang slóða og lágmarka áhrif á flæði vatns innan votlendis.“</p>

Nr.	Umsagnir, athugasemdir og ábendingar	Viðbrögð
	<p><i>Færslan fer um áþekkt land og línuleið MÁU, m.a. um votlendi sem nokkuð hefur verið raskað með framræslu. Austan Héraðsvatna eru misgrónir áraurar í bland við vistgerðir sem taka við af auravist þegar gróðurframvindu fleytir fram.</i></p> <p>Geirhildargarðar í Hörgársveit</p> <p><i>Færslan er innan 150 m beltis og því ekki gerðar athugasemdir við breytingar. Línuleiðin hefur færst til áður og því er vistgerðakort samsett úr tveimur ólíkum gagnasettum. Norðan við Geirhildargarða fer línuleiðin um áhugaverð landform og lágmarka þarf rask á því svæði.</i></p> <p>Þverá í Öxnadal</p> <p><i>Tilfærslan er fremur lítil en liggur ofar í hlíðinni en línuleið MÁU. Hlíðarnar eru að mestu grónar mólendisvistgerðum með votlendi í kvosum og slökkum en færslan fer um áþekkt land og sambærilegt við línuleið umhverfismatsins. Línuleiðin liggur yfir jaðar á berghlaupi sem tilheyrir sama berghlaupi og er innan fólkvangsins Hólahóla. Þörf er að vernda berghlaupið allt sem eina landslagsheild vegna stórbrotinna landforma. Lágmarka þarf allt rask innan línuleiðarinnar og hlífa landformum.</i></p> <p>Ásláksstaðir í Hörgársveit</p> <p><i>Færslan er innan 150 m beltis og því ekki gerðar athugasemdir við breytingar. Þó má benda á að með breytingunni fer línuleiðin yfir sýnu meira votlendi en fyrri útfærsla.</i></p>	
9.2	<p>Frekari ábendingar</p> <p><i>Náttúrufræðistofnun vill taka fram að gróðurúttekt stofnunarinnar við Blöndulínu 3 hefur miðað við 150 m jaðarsvæði. Að baki liggja bæði uppfærð gróðurkort frá fyrra umhverfismati og vistgerðakort sem eru í grunninn nokkuð ólík gögn. Í gegnum vinnuferlið hafa línuleiðir breyst og hnikast til sem hefur flækt vinnu við endurskoðun vistgerðakorts. Því þarf að hafa vissan fyrirvara á vistgerðakorti þegar valin er staðsetning á mannvirkjum, s.s. mastrastæðum og vegslóðum. Ólíklegt má telja að sjaldgæfar æðplöntutegundir finnist á færsluleggjum línunnar en það er þó ekki er hægt að útiloka þar sem ekki var farið þar um í vettvangsúttekt við mat á umhverfisáhrifum.</i></p>	Sjá viðbrögð við athugasemd 9.1 hér á undan.

Nr.	Umsagnir, athugasemdir og ábendingar	Viðbrögð
	<p><i>Flestar breytingar á línuleiðum innan þessara sjö svæða eru vegna óska landeigenda þar sem oft er verið að hlífa túnum eða skógrækt. Náttúrufræðistofnun óskar eftir því að óröskuðu landi, votlendi og áhugaverðum landformum, verði jafnframt hlíft við raski vegna framkvæmda á línuleiðum.</i></p>	
10	Orkustofnun	
10.1	<p>Kerfisáætlun</p> <p><i>Eftirlitshlutverki Orkustofnunar með kerfisáætlun flutningsfyrirtækisins er lýst nánar í reglugerð um kerfisáætlun fyrir uppbyggingu flutningskerfis raforku nr.870/2016. Samkvæmt reglugerðinni skal í framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar gera grein fyrir ákvörðunum um fjárfestingar í flutningskerfinu sem hafa þegar verið teknar á liðnu ári og fjárfestingar sem þarf að ráðast í á næstu þremur árum. Í reglugerðinni kemur fram hvaða upplýsingar eiga að koma fram um einstakar framkvæmdir kerfisáætlunar, þ.á.m skulu koma fram upplýsingar um það hvernig framkvæmd fellur að stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku og einnig skulu koma fram upplýsingar um greiningu valkosta vegna hverrar framkvæmdar ásamt rökstuðningi fyrir þeim kosti sem valinn er. Valkostagreiningin skal að lágmarki innihalda upplýsingar um það hvernig valkostir samræmast markmiðum um öryggi, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar, hagkvæmni, gæði raforku og stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku. Orkustofnun vekur athygli á því að það er hlutverk stofnunarinnar að meta framkvæmdir samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar og kann mat hennar því að vera annars eðlis en það mat sem fer fram vegna laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum. Orkustofnun hefur í þessu bréfi gert grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði stofnunarinnar og gerir ekki athugasemdir við tilkynningu Landsnets til Skipulagsstofnunar um breytingar á framkvæmdinni og greinargerð um umhverfi hennar, umhverfisáhrif, mótvægisáðgerðir og vöktun.</i></p>	<p>Ekki er þörf á viðbrögðum við umsögninni annað en að taka undir þá þætti sem þar koma fram.</p>
11	Sveitarfélagið Skagafjörður	
11.1	<p>Skipulagsnefnd - 37 <i>Skipulagsfulltrúi í samræmi við ákvörðun nefndarinnar óskaði eftir fresti til að skila inn umsögn varðandi Breytingar á Blöndulínu 3, (Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu).</i></p>	<p>Í hverju verkefni er áskorun að setja fram upplýsingar á sem skýrastan hátt þannig að lesandi geri sér betur grein fyrir mögulegum áhrifum. Í</p>

Nr.	Umsagnir, athugasemdir og ábendingar	Viðbrögð
	<p><i>Skipulagsstofnun hefur fallist á þá beiðni um lengri frest til að skila inn umsögn varðandi Breytingar á Blöndulínu 3, mál nr. 0672/2023: Tilkynning um framkvæmd, tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu.</i></p> <p><i>Skipulagsnefnd óskaði eftir kynningu Landsnets á þeirri breytingu og fór kynning fram á fundi nefndarinnar 26.10. síðastliðinn.</i></p> <p><i>Nefndin hefur yfirfarið fyrirhugaðar breytingar á lagnaleið Blöndulínu 3 og telur þær ekki þess eðlis að falla undir matsskyldu.</i></p> <p><i>Álfhildur Leifsdóttir áheyrnarfulltrúi VG og óháðra leggur fram eftirfarandi bókun:</i></p> <p><i>Í fyrri skýrslu Skipulagsstofnunar er talið að áhrif Blöndulínu 3 á tiltekna umhverfisþætti séu vanmetin í umhverfismatsskýrslu Landsnets í ljósi þess að aðferðafræði Landsnets notar einhverskonar meðaltal á vægiseinkunum sem gefnar eru hverjum umhverfisþætti fyrir sig og einkenni áhrifa. Skipulagsstofnun telur að slík aðferðafræði henti ekki vel til að draga fram neikvæðustu áhrif línulegra framkvæmda sem ná yfir stór svæði eins og í þessu tilviki. Leiðir það að mati Skipulagsstofnunar til að niðurstöður Landsnets gefa til kynna minni áhrif en ætla mætti af framkvæmdinni. Af þeim ástæðum telur fulltrúi VG og óháðra fulla ástæðu til að umhverfismat með nákvæmari mælikvörðum eigi sér stað á Kiðaskarðsleið.</i></p> <p>Bókun fundarÁlfhildur Leifsdóttir og Sigurlaug Eydís Eysteinsdóttir ítreka bókun Vg og óháðra frá fundi skipulagsnefndar: Í fyrri skýrslu Skipulagsstofnunar er talið að áhrif Blöndulínu 3 á tiltekna umhverfisþætti séu vanmetin í umhverfismatsskýrslu Landsnets í ljósi þess að aðferðafræði Landsnets notar einhverskonar meðaltal á vægiseinkunum sem gefnar eru hverjum umhverfisþætti fyrir sig og einkenni áhrifa. Skipulagsstofnun telur að slík aðferðafræði henti ekki vel til að draga fram neikvæðustu áhrif línulegra framkvæmda sem ná yfir stór svæði eins og í þessu tilviki. Leiðir það að mati Skipulagsstofnunar til að niðurstöður Landsnets gefa til kynna minni áhrif en ætla mætti af framkvæmdinni. Af þeim ástæðum telur fulltrúi VG og óháðra fulla ástæðu til að</p>	<p>leiðbeiningum Skipulagsstofnunar er lagt upp með að greint sé frá vægi áhrifa með nokkrum hugtökum.²</p> <p>Eins og Landsnet hefur svarað í viðbrögðum við umsögnum við umhverfismatsskýrslu³ byggir aðferðafræðin sem Landsnet notar, í grunninn á þekktum nálgunum á slíku mati og leiðbeiningum Skipulagsstofnunar. Notast er við sambærileg hugtök og að auki er samanburður valkosta settur fram í litakóðuðum vægisgröfum sem tengja má við þessi hugtök.</p> <p>Nánar má sjá og kynna sér þessa aðferðafræði hér. https://landsnet.is/library?itemid=b65aad71-5ec4-43bb-ae42-bf94d6f24997. Rétt er að geta þess að aðferðafræðin er í sífelldri þróun og aðlagast hverju verkefni fyrir sig og því eru viðmið að baki mati á einstaka umhverfisþáttum í aðferðafræðiskýrslunni ekki í öllum tilfellum þau nákvæmlega sömu og eru núna í umhverfismatsskýrslu Blöndulínu 3.</p> <p>Ljóst er að það er erfiðara að leggja fram mat á vægi áhrifa í einu hugtaki eða lit fyrir línulega framkvæmd, líkt og raflínu, heldur en framkvæmd sem nær t.d. yfir eina stóra lóð eða afmarkaðra svæði.</p>

² https://www.skipulag.is/media/umhverfismat/leidbeiningar_um_flokkun_umhverfisthatta_vidmid_einkenni_og_vaegi_umhverfisahrifa.pdf

³ <https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1928/Umsagnir%20og%20vi%C3%B0br%C3%B6g%C3%B0%20Umhverfismatssk%C3%BDrsla%20BL3%20med%20Fiskistofu%20og%20vi%C3%B0aukum.pdf>

Nr.	Umsagnir, athugasemdir og ábendingar	Viðbrögð
	<p>umhverfismat með nákvæmari mælikvörðum eigi sér stað á Kiðaskarðsleið.</p> <p>Afgreiðsla 37. fundar skipulag nefndar staðfest á 19. fundi sveitarstjórnar 15. nóvember með níu atkvæðum."</p> <p>Sveitarfélagið Skagafjörður hefur yfirfarið fyrirhugaðar breytingar á lagnaleið Blöndulínu 3 og telur þær ekki þess eðlis að falla undir matsskyldu, þetta tilkynnist hér með.</p>	<p>Í umhverfismati Blöndulínu 3, þar sem háspennulína liggur um 100 km um 5 sveitarfélög og um margar landareignir var ákveðið að fara þá leið að svæðisskipta til að einfalda. Augljóst er að því geta staðbundin áhrif á styttri köflum línuleiðarinnar geta orðið meiri eða minni heldur en niðurstaðan er fyrir tiltekið svæði og vægi áhrifa því nokkurs konar „meðaltal“ áhrifa sem greinast á viðkomandi kafla. Aftur á móti býður aðferðarfræði Landsnets upp á að hægt er með nokkuð einföldum hætti að rekja sig til baka frá niðurstöðu um vægismatið að forsendum og viðmiðum sem lögð voru til grundvallar niðurstöðunni. Meðal annars á að vera hægt að greina staðbundin áhrif innan hvers kafla. Að auki er víða í texta um t.d. gróðurfar, sérstaklega vakin athygli á staðbundnum áhrifum.</p> <p>Landsnet telur því að þegar kemur að vinnu við aðalskipulagsbreytingar hafi sveitarfélög fullnægjandi gögn í umhverfismatsskýrslu Blöndulínu 3, til þess að draga enn betur fram staðbundin áhrif valkosta í umhverfismati viðkomandi skipulagsvinnu.</p>
12	Umhverfisstofnun	
12.1	<p>Breytingar</p> <p><i>Um er að ræða hvort nokkrar breytingar á legu línunnar kalli á mat á umhverfisáhrifum. Línunni er hliðrað á sjö stöðum og er færslan minnst 99 m og mest 663 m. Mestu skiptir þó að möstrum fækkar úr 97 í 82. Þessar breytingar hafa óveruleg áhrif á legu línuvegs. Umhverfisstofnun telur að umræddar breytingar séu til bóta og mun draga úr sýnileika línunnar sérstaklega vegna fækkunar mastra.</i></p>	<p>Landsnet er sammála Umhverfisstofnun að þessu leyti. Komið er til móts við óskir landeigenda með færslu á línu frá húsum. Að auki felur breytingin í sér fækkun á möstrum sem skilar sér í minna raski á heildina litið.</p>

Nr.	Umsagnir, athugasemdir og ábendingar	Viðbrögð
12.2	<p>Lega</p> <p><i>Umhverfisstofnun telur að velja eigi raflínur stað á mannvirkjabeltum sem þegar eru til staðar s.s. með vegum eða öðrum línunum og forðast ætti að taka ný og óröskuð svæði undir háspennulínur og alls ekki svæði sem teljast lítið röskuð víðerni. Að mati Umhverfisstofnunar uppfyllir lega Blöndulínu þær kröfur sem stofnunin telur að eigi að gera þegar slíkum mannvirkjum er valinn staður.</i></p>	<p>Landsneti er ljóst að mismunandi sjónarmið eru uppi um hvort æskilegra sé að leggja nýjar línur með öðrum línunum/mannvirkjum eða fara með þær á ný svæði, fjær mannvirkjum sem eru til staðar. Röksemdir þeirra sjónarmiða að halda mannvirkjum í sama mannvirkjabelti fela í sér að þá sé ekki verið að raska nýjum ósnortnum svæðum og oft viðkvæma náttúru þeirra. Röksemdir þeirra sjónarmiða sem telja betra að fara fjær mannvirkjabeltum með nýjar línur, byggja m.a. á að þá verði samlegð mannvirkjanna of mikil og fleira fólk, m.a. íbúar í grennd við línurnar þurfi að búa við áhrifin til lengri tíma.</p> <p>Þegar tekin er afstaða til aðalvalkostar er horft til þessara sjónarmiða og ásamt fjölda annarra þátta er lögð á vogarskálarnar þegar tekin er ákvörðun um aðalvalkost.</p> <p>Í tilviki aðalvalkostar Landsnets leiðar um Kiðaskarð og svo hluta af „Efribýggðarleið“ er um að ræða stystu leiðina, með fæstum möstrum og þar með verður umfang áhrifa á marga umhverfisþætti umfangsminna en af lengri leiðum.</p>
12.3	<p>Skeringar</p> <p><i>Umhverfisstofnun vill benda á að alls ekki skuli sverði raskað á öðrum stöðum en þar sem farið er um grónar brekkur og nauðsynlegt verður að taka skeringar og gera vegrásir. Ef stagfestur eru boraðar ætti ekki að hreyfa við jarðvegi í masturstæðum og reyna ætti að hafa plön það þunn að ekki myndist fláar. Fjarlægja strekkingaplön eftir notkun ef það er unnt.</i></p>	<p>Ábendingar Umhverfisstofnunar eru góðar og í anda þess verklags sem Landsnet hefur viðhaft í sínum verkefnum. Tilmæli sem þessi eru skrifuð inn í útboðsgögn til verktaka og þeim fylgt eftir. Bent er einnig á töflu 5.4 í fyrirspurnarskýrslu þar sem fjallað er um mótvægisáðgerðir gagnvart áhrifum á vistgerðir og flóru.</p>

Nr.	Umsagnir, athugasemdir og ábendingar	Viðbrögð
13	Veðurstofa Íslands	
13.1	<p>Kafli 3.1.4</p> <p><i>Það að fara ofan í skarðið norðan Kárahnjúks getur skapað hættu, ekki er von á stórum snjóflóðum en krapahlaup gætu orðið í vatnsfarveginum og minniháttar skriðuföll í hlíðunum beggja vegna.</i></p> <p><i>Færslan niðri í botna Kiðaskarðs virðist ekki breyta miklu um snjóflóðahættu. Hættan er mest á þessu svæði hvort sem um ræðir gömlu eða nýju línuleiðina.</i></p>	<p>Athugasemdin kemur að notum við lokahönnun verkefnisins.</p> <p>Hluti á færslum er m.a. vegna þessa ath. þ.e. til að draga úr áhættu.</p>
13.2	<p>Kafli 3.1.5</p> <p><i>Færslan er ekki talin auka umtalsvert á ofanflóðahættu. Nyrsti hluti tillögunnar færir línuna nær gilinu ofan syðstu túna á Engimýri. Það eykur lítillega hættu af völdum krapahlaupa ef mastur væri staðsett í þeim farvegi sem yrði varla raunin, a.m.k. er það óæskilegt gagnvart krapaflóðahættu.</i></p>	<p>Athugasemdin kemur að notum við lokahönnun verkefnisins.</p> <p>Hluti á færslum er m.a. vegna þessa ath. þ.e. til að draga úr áhættu.</p>
13.3	<p>Kafli 3.1.6</p> <p><i>Snjóflóðahætta er metin viðundandi þó línan sé færð ofar í landið. Þarna er ekki þekkt að snjóflóð hafi náð fram af stallinum ofan við.</i></p>	<p>Ekki er þörf á viðbrögðum við umsögninni.</p>
13.4	<p>Kafli 3.1.7</p> <p><i>Við Ásláksstaði er línun talin fjarri hættusvæðum ofanflóða.</i></p>	<p>Ekki er þörf á viðbrögðum við umsögninni.</p>